

um málefni farandverkafólks.

Flm.: Karl Steinar Guðnason, Karvel Pálmason, Jóhanna Sigurðardóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara endurskoðun á lögum nr. 39/1951, um rétt erlendra manna til að stunda atvinnu á Íslandi.

Meginmarkmið endurskoðunarinnar skulu vera:

1. Að leiða í lög fyllri ákvæði um upplýsingaskyldu þeirra, sem vilja ráða erlenda menn í þjónustu sína, gagnvart þeim sem ráðnir eru, um launakjör, vinnutíma og aðbúnað við vinnu hér á landi. Enn fremur um skatta og önnur opinber gjöld svo og hverjar þær skyldur sem erlendir menn takast á hendur við vist-ráðningu hérlendis.
2. Að tryggja með lögum félagsleg og kjaraleg réttindi þeirra erlendra manna, sem fá atvinnuleyfi hér á landi, til jafns við heimamenn, eins og þau eru samkvæmt lögum og gildandi kjarasamningum á hverjum tíma.
3. Að skylda þá, sem leita eftir erlendu vinnuafli, til þess að hafa samráð við hlutaðeigandi stéttarfélag áður en erlendir starfskraftar eru vistráðnir.

Við endurskoðun þessa, sem skal hraðað eftir föngum, skal haft samráð við heildarsamtök aðila vinnumarkaðarins.

Greinargerð.

Svo sem kunnugt er hefur það á ný færst í vöxt að ráðnir séu erlendir starfskraftar til ýmissa starfa hér á landi. Sér í lagi hefur þetta í vaxandi mæli átt sér stað í fiskiðnaði og er talið að vandfundið sé það sjávarpláss, þar sem ekki eru starfandi fleiri eða færri erlendir starfskraftar. Samkvæmt nýlegum fréttum fjölmiðla munu t. d. ekki færri en 300 erlendir stúlkur starfa hér á landi við fiskvinnslu í vetur.

Samkv. lögum nr. 39/1951 er félagsmálaráðherra heimilt að veita erlendum mönnum atvinnuleyfi, m. a. þegar „atvinnuvegi landsins skortir vinnuafli“, og skal út af fyrir sig ekki efast um að slíkar heimildir séu fyrir hendi hvað snertir þá starfskrafta, sem áður getur, enda þótt það komi nokkuð spáskt fyrir sjónir á sama tíma og jafnmörg hundruð heimamanna eru skráð atvinnulaus skv. opinberum skýrslum.

Enda þótt allt væri með felldu, skapar innflutningur erlendra manna til starfa hér á landi ýmis vandamál.

Flest þessa farandverkafólks er langt að komið og flestir hlutir því framandi hér á landi. Sem dæmi má nefna að flestar þeirra erlendu stúlkna, sem starfa í fiskiðnaði hér, munu komnar frá Ástralíu, Nýja-Sjálandi og Suður-Afríku. Af sjálfu sér leiðir að þessar stúlkur vita næsta lítið um viðhorf og aðstæður hér á landi við ráðningu. Hér við bætist að þær takmörkuðu upplýsingar, sem þeim eru í té látnar, virðast oftast vera yfirborðskenndar og hvergi nærri fullnægjandi.

Þegar þetta fólk hefur svo störf hér á landi rennur veruleikinn upp fyrir því, ófullnægjandi aðbúnaður, óheyrilega langur vinnutími, skattar og skyldur eru í litlu samræmi við gylliboð þeirra sem milligöngu höfðu um ráðninguna. Hér við bætist að tunga innfæddra er hinu erlenda fólki framandi og því erfitt um vik að leita réttar síns eða skýringa.

Með tillögu þessari er að því stefnt að bæta úr þessu ófremdarástandi á þann hátt að lögfest verði skylda þeirra atvinnurekenda, sem leita eftir erlendum starfskröftum, til þess að upplýsa á fullnægjandi hátt um allar aðstæður hér á landi þannig að ekki sé hætt á að erlendir menn séu ráðnir til starfa hér á hæpnum eða jafnvel röngum forsendum.

Þá gerir tillagan í annan stað ráð fyrir, að með lögunum verði réttur erlendra manna tryggður þannig að þeir njóti félagslegra og kjaralegra réttinda til jafns við landsmenn, fái þeir á annað borð atvinnuleyfi hér á landi.

Loks er til þess ætlast að þeir, sem æskja heimilda til ráðningar erlendra starfskrafta, hafi um það samráð við hlutaðeigandi stéttarfélög áður en til vistráðningar kemur. Þykir flutningsmönnum þetta nauðsynlegt til þess að fyrirbyggja að misklíð komi upp eftir að hið erlenda fólk er komið til landsins, svo sem við hefur viljað brenna. Slikt bitnar jafnan fyrst og fremst á aðkomufólkinu, því að ósekju.

Að sjálfsögðu er gengið út frá að við endurskoðun laganna verði haft samráð við aðila vinnumarkaðarins.

Brýnt er að endurskoðuninni verði hraðað svo sem kostur er.